

Sp.

762. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun gildandi laga og reglugerða um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara endurskoðun á gildandi lögum og reglugerðum um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Endurskoðuninni skal hraða sem verða má og árangur hennar lagður fyrir næsta reglulegt Alþingi.